

Yfirlýsing Fjármálaeftirlitsins og Nasdaq OMX Iceland hf.

um eftirlitsverkefni sem Fjármálaeftirlitið felur Nasdaq OMX Iceland hf.

á grundvelli 138. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007

Inngangur

Fjármálaeftirlitinu ber að hafa eftirlit með framkvæmd laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl.) og reglna settra samkvæmt þeim. Auk þess er Fjármálaeftirlitinu heimilt að fela skipulegum verðbréfamarkaði eftirlitsverkefni samkvæmt lögnum, sbr. 138. gr. laganna. Fjármálaeftirlitið og Nasdaq OMX Iceland (Kauphöllin) hafa átt með sér samstarf um framkvæmd eftirlits á verðbréfamarkaði og verkaskiptingu um langt skeið. Með yfirlýsingu þessari felur Fjármálaeftirlitið Kauphöllinni tiltekin eftirlitsverkefni samkvæmt framangreindum lögum. Í yfirlýsingunni er nánar kveðið á um forsendur eftirlits Kauphallarinnar, framkvæmd þess, verkaskipti Fjármálaeftirlitsins og Kauphallarinnar, og fyrirkomulag upplýsingamiðlunar á milli aðila. Yfirlýsing þessi tekur ekki til eftirlitsverkefna er lúta að yfirlistri og staðfestingu lýsinga og tilboðsyfirlita.

Forsendur

Meginmarkmið með yfirlýsingunni er að tryggja áframhaldandi samstarf Fjármálaeftirlitsins og Kauphallarinnar í eftirlitsmálum, og tryggja með þeim hætti:

- skilvirkni í rannsókn og meðferð eftirlitsmála,
- að ábyrgð hvors aðila og verkaskipting sé skýr,
- að tvíverknaði í eftirliti verði haldið í lágmarki,
- að upplýsingaskipti á milli aðila verði greið og
- að tryggð verði samræmd viðbrögð Fjármálaeftirlitsins og Kauphallarinnar þegar upp koma mál sem líkur eru til að hafi mikla þýðingu á fjármálamarkaði.

Ábyrgð og verksvið aðila

Fjármálaeftirlitið hefur almennt eftirlit með framkvæmd laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og reglna settra samkvæmt þeim, sbr. XIV. kafla laganna. Auk þess hefur Fjármálaeftirlitið eftirlit með starfsemi kauphalla samkvæmt lögum nr. 110/2007.

Kauphöllin rekur skipulegan verðbréfamarkað í skilningi laga nr. 110/2007 um kauphallir (khl). Eftirlitsstarfsemi Kauphallarinnar felst fyrst og fremst í því að fylgjast með því að útgefendur fjármálagerninga, sem teknir hafa verið til viðskipta í Kauphöllinni, og kauphallaraðilar starfi í samræmi við kauphallarlögin og reglur Kauphallarinnar.

Með yfirlýsingu þessari felur Fjármálaeftirlitið Kauphöllinni eftirlitsverkefni, sem nánar eru tiltekin hér að neðan. Ábyrgð á eftirliti með framangreindum þáttum laganna hvílir eftir sem áður hjá Fjármálaeftirlitinu. Telji Kauphöllin að lög hafi verið brotin vísar hún málinu áfram til Fjármálaeftirlitsins.

Eftirlitsverkefni sem Kauphöllinni eru falin og framkvæmd þeirra

Framkvæmd eftirlitsverkefna Kauphallarinnar samkvæmt yfirlýsingu þessari er í meginráttum eftirfarandi:

Upplýsingaskylda útgefanda.

Kauphöllin hefur eftir fremsta megni eftirlit með tilkynningum útgefenda og viðskiptum í viðskiptakerfi Kauphallarinnar með tilliti til þess hvort útgefendur uppfylli skyldu sína til að birta opinberlega allar upplýsingar sem lög kveða á um. Í sama skyni fylgist Kauphöllin með frétttaflutningi helstu fjölmiðla er varða útgefendur fjármálagerninga.

Flöggunarskylda.

Kauphöllin fylgist með flöggunartilkynningum sem birtar eru opinberlega og viðskiptum í viðskiptakerfi Kauphallarinnar með tilliti til þess hvort upplýsingagjöf um viðskipti með stóra eignarhluti sé í samræmi við lög. Í sama skyni fylgist Kauphöllin jafnframt með frétttaflutningi helstu fjölmiðla vegna viðskipta með fjármálagerninga sem bera atkvæðisrétt og tekin hafa verið til viðskipta í Kauphöllinni.

Tilboðsskylda.

Kauphöllin fylgist með tilkynningum er varða útgefendur og viðskiptum í viðskiptakerfi Kauphallarinnar með tilliti til þess hvort tilboðsskylda kunni að hafa stofnast og hvort upplýsingagjöf sé í samræmi við lög um verðbréfavíðskipti. Í sama skyni fylgist Kauphöllin jafnframt með frétttaflutningi helstu fjölmiðla vegna viðskipta með hlutabréf sem hafa verið tekin til viðskipta í Kauphöllinni.

Tilkynningarskylda um viðskipti innherja.

Kauphöllin hefur eftirlit með tilkynningum um viðskipti innherja og fjárhagslega tengdra aðila og gengur úr skugga um að fullnægt hafi verið skyldu til að birta og senda upplýsingar um viðskiptin innan réttra tímamarka.

Innherjasvik.

Eftirlit Kauphallarinnar byggist fyrst og fremst á rafrænu eftirlitskerfi sem Kauphöllin býr yfir. Ásamt því fylgist Kauphöllin með upplýsingum sem birtar hafa verið opinberlega, auk upplýsinga í helstu fjölmiðlum.

Markaðsmisnotkun.

Eftirlit Kauphallarinnar er hér með sama hætti og lýst er varðandi eftirlit með innherjasvikum.

Telji Kauphöllin ástæðu til við framkvæmd eftirlitsverkefna getur hún krafist upplýsinga um aðila að viðskiptum frá kauphallaraðilum.

Nánari tilhögun á framkvæmd einstakra eftirlitsverkefna skal ákveðin á samráðsfundum aðila.

Yfirlýsingin hefur ekki áhrif á verksvið, skyldur eða heimildir Kauphallarinnar samkvæmt lögum nr. 110/2007, lögum nr. 108/2007 eða afleiddum stjórnvaldsfyrirmælum nema annað sé sérstaklega tekið fram. Það sama á við um reglur Kauphallarinnar og skilmála sem gerðir eru í samningum Kauphallarinnar við útgefendur fjármálagerninga og kauphallaraðila.

Afgreiðsla mála af hálfu Kauphallarinnar

Verði Kauphöllin þess áskynja í framangreindu eftirliti að lög á verðbréfamarkaði kunni að hafa verið brotin upplýsir hún Fjármálaeftirlitið um slíkt. Kauphöllin framsendir alla jafna mál með formlegum hætti til Fjármálaeftirlitsins. Í málum er varða brot á reglum um innherjatilkynningar, flagganir og viðskipti með eigin bréf eru mál framsend Fjármálaeftirlitinu með rafrænum hætti.

Þegar brýnar ástæður eru til gerir Kauphöllin Fjármálaeftirlitinu viðvart óformlega án þess að athugun máls sé lokið af hálfu Kauphallarinnar, t.d. í málum er varða stóran hluta markaðarins eða þegar verulegar líkur eru á að reglur hafi verið brotnar.

Kauphöllin gerir Fjármálaeftirlitinu reglulega grein fyrir framkvæmd eftirlitsverkefna. Þar skal m.a. greint frá þeim tilvikum þar sem kallað hefur verið eftir upplýsingum um aðila að viðskiptum, og frá afgreiðslu mála sem ekki hefur þótt ástæða til að greina Fjármálaeftirlitinu frá.

Yfirlýsing þessi hefur ekki áhrif á skyldu Kauphallarinnar til að greina Fjármálaeftirlitinu frá málum á grundvelli 21. gr. khl., en samkvæmt henni ber Kauphöllinni að upplýsa Fjármálaeftirlitið verði hún þess vör að lagaákvæði eða reglur sem gilda á skipulegum verðbréfamarkaði hafi verið brotnar. Í framkvæmd gerir Kauphöllin Fjármálaeftirlitinu jafnframt aðvart ef grunur leikur á að brotið hafi verið gegn öðrum lögum sem heyra undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins. Að sama skapi gerir Kauphöllin viðvart beiti hún útgefendur fjármálagerna eða kauphallaraðila viðurlögum.

Upplýsingagjöf milli aðila

Tilkynningar um viðskipti innherja

Fjármálaeftirlitið veitir Kauphöllinni aðgang að tilkynningum um viðskipti innherja til þess að Kauphöllin geti framkvæmt eftirlit með innherjasvikum og markaðsmisnotkun með skilvirkum hætti.

Fjármálaeftirlitið gerir Kauphöllinni grein fyrir því telji það ástæðu til að breyta túlkun á lagaákvæðum sem yfirlýsingin tekur til eða ef sérstakar ástæður eru til að öðru leyti.

Samráð í brýnum málum

Telji Fjármálaeftirlitið aðkomu Kauphallarinnar nauðsynlega í tilteknum málum vegna hagsmuna markaðarins mun viðeigandi upplýsingum vera komið á framfæri svo aðilar geti haft nauðsynlegt samráð um viðbrögð, t.d. ef stöðva þarf viðskipti.

Niðurstöður Fjármálaeftirlitsins

Fjármálaeftirlitið veitir Kauphöllinni að jafnaði upplýsingar um niðurstöður athugana í málum sem Kauphöllin hefur gert viðvart um nema rannsóknarhagsmunir eða aðrar brýnar ástæður hindri slíka upplýsingagjöf. Með sömu formerkjum upplýsir Fjármálaeftirlitið Kauphöllina ef grunur er um að ójafnræði hafi skapast á markaði um verðmótandi upplýsingar, og önnur þau atvik sem geta haft veruleg áhrif á markaði Kauphallarinnar.

Þagnarskylda

Stjórnarmenn og starfsmenn aðila eru bundnir þagnarskyldu samkvæmt lögum um starfsemi aðilanna, sbr. nánar 13. gr. khl. og 13. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi (fmeal.). Upplýsingar sem hvor aðili veitir hinum í tengslum við mál í athugun eru háðar þagnarskyldu. Einungis þeir starfsmenn Kauphallarinnar sem sinna eftirlitsverkefnum skulu hafa aðgang að trúnaðarupplýsingum sem Fjármálaeftirlitið veitir Kauphöllinni aðgang að í eftirlitsskyni. Þagnarskylduákvæði 13. gr. fmeal. gildir um meðferð upplýsinganna hjá Kauphöllinni.

Upplýsingagjöf til fjölmiðla

Fjármálaeftirlitið og Kauphöllin leitast við að eiga opin og góð samskipti við fjölmiðla eftir því sem unnt er með tilliti til hagsmuna markaðarins af upplýsingagjöf, þagnarskylduákvæða í lögum og rannsóknarhagsmuna í einstökum málum. Upplýsingagjöf aðila til fjölmiðla tekur mið af stefnu Fjármálaeftirlitsins um gagnsæi. Í tilvikum sem varða hagsmuni beggja aðilanna, t.d. þegar um framsendingu mála er að ræða, hafa aðilar eðlilegt samráð um samskipti sín við fjölmiðla. Kauphöllin mótar eigin stefnu að því er varðar brot útgefenda og kauphallaraðila á reglum hennar.

Reglubundið samráð aðila

Samskipti aðila í tengslum við rannsókn mála

Fjármálaeftirlitið og Kauphöllin hafa með sér reglulega samráðsfundi um málefni sem varða starfsemi þeirra. Á þeim fundum verða einstök eftirlitsmál tekin til umræðu eftir því sem þurfa þykir, sem og nánari tilhögun á samstarfi aðila. Starfsmenn aðila sem ábyrgð bera á markaðseftirliti sitja fundina og eftir atvikum starfsmenn sem unnið hafa að athugun einstakra mála.

Tengiliðir hjá aðilum

Fjármálaeftirlitið: Rut Gunnarsdóttir.
Kauphöllin: Magnús Kristinn Ásgeirsson.


Opinberar upplýsingar

Yfirlýsing þessi er birt á heimasíðum aðila.


Upplýsa skal um breytingar á yfirlýsingu þessari með hæfilegum fyrirvara að teknu tilliti til hagsmuna markaðarins.

Reykjavík, 22. janúar 2009

f.h. Fjármálaeftirlitsins


Jónas Fr. Jónsson, forstjóri

f.h. Nasdaq OMX Iceland hf.


Þórður Friðjónsson, forstjóri